

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Kjósarsvæði.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sbr. lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi skv. 36. gr. 1. mgr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér segir:

1. flokkur	kr. 1 625,00
2. flokkur	kr. 3 250,00
3. flokkur	kr. 6 500,00
4. flokkur	kr. 9 750,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984, skal greiða sem hér segir:

1. flokkur	kr. 6 250,00
2. flokkur	kr. 12 500,00
3. flokkur	kr. 25 000,00
4. flokkur	kr. 37 500,00

5. gr.

Fyrir hvert vottorð, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té, skal greiða kr. 500,00.

6. gr.

Heilbrigðisfulltrúi semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur hlutað-eigandi sveitar- og bæjarfélögum, sem standa skil á eftirlitsgjöldum í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlitsins á svæðinu. Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnnum að fela innheimtuna einni eða fleiri bæjar- og sveitarstjórnnum samkvæmt nánara samkomulagi.

Heilbrigðisfulltrúi innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð, og renna þau í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 4. gr. er 1. febrúar og eindagi er 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 109/1984.

Gjöld skv. 3. og 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis, sbr. reglugerð nr. 390/1987 og lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. 6. mgr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldddagi eftirlitsgjalda á árinu 1988 skal vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.

I.	II.	III.	IV.
A 300	A 300	A 300	A 300
B 1000	B 2000	B 3000	B 4000
C 1000	C 2000	C 3000	C 4000
D 4000	D 8000	D 15000	D 25000
Bensínstöðvar	Fangageymslur	Brauðgerðarhús	Stórmarkaðir (stærri)
Leiktækjasalir	Gistiheimili án veitinga	Brauðstofur	Kjörbúðir
Gufubaðstofur	Heilsuræktarstöðvar	Pizzugerðir	Stór hótél
Ljósabaðstofur	Brauðgerð/Brauðsala	Félagsheimili með	Stórar matvælavinnslu-
Lækningastofur	Kvikmyndahús	veitingarekstur	stöðvar
Rakara-, hárgreiðslu-, og	Læknastöðvar	Fiskbúðir	Stór brauðgerðarhús
snýrtistofur	Matsöluvagnar	Minni hótél	Mjólkurstöðvar
Sælgætis- og tóbakssölur	Mötuneyti (minni)	Ísbúðir/ísgerðir	Vinnuheimili
Málningarverslanir	Neysluförugymslur	Íþróttahús með sundlaug	Tækifærisveit. v. stórsýn-
Tannlækningastofur	Nýlenduvörverslanir	Kjörbúðir/nýlenduvöru-	inga
Torgsala	Sælgætisgerðir (minni)	verslanir	Kaupst. o.þ.h.
Annar rekstur	Tækifærisveitingar	Leiktækjasalir m.veit.	Sjúkrahús II.
sambærilegur	Annar rekstur	Skyndibitastaðir	(svæðissjúkrahús, deildar-
	sambærilegur	Stærri samkomuhús og	skipt sjúkrahús, almenn
		veitingastaðir	sjúkrahús)
		Sælgætisgerðir (stærri)	Annar rekstur sambæri-
		Veislumiðstöðvar	legur
		Veitingastaðir	
		Vinnslustöðvar (minni)	
		(kjöt, fiskur, önnur mat-	
		væli)	
		Annar rekstur sambæri-	
		legur	